



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 23.ágúst 2023, fundur hófst kl 18:30.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Sverrir Einarsson formaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Gunnar Már Þórðarson.

Davíð Áskelsson, Haraldur Pétursson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi voru Pétur Örn Sverrisson varaformaður, Jenny Elisabet Eriksson ritari,

1. Davíð segir frá að teikningar af skipulagi á félagshesthúsi og kennsluhöll ásamt hugmyndum á umhverfi Sprettis verði komið til okkar um mánaðmóti, verið að er vinna í þessu af fullum krafti, á næsta stjórnarfundum munum við sjá þetta og getum svo í framhaldi lagt það fyrir bæjarfélögin.

2. Starf yfirþjálfara rætt, spurning hvort það eigi að breyta fyrirkomulaginu ef þurfa þykir, rætt um að fá Þórdísi Önnu á fund stjórnar og heyra hvað/hvernig hún sjái fyrir sér starfið.

Mikilvægt að með yfirþjálfara sé fræðslunefnd að störfum, að öll spilin séu ekki bara á einni hendi.

3. Félagsgjöld rædd, hvernig getum við hvatt fólk í hverfinu til þess að ganga í félagið, töluvert af útreiðafólki á svæðinu sem ekki er í félaginu en nýtir samt aðstöðu félagsins, t.d reiðleiðir og þjálfunargerði, er hægt að semja við hestatengd fyrirtæki um afsláttarkjör fyrir félagsmenn?

4. Starf umsjónamanns eigna rætt, mikli og brýn nauðsyn fyrir starfsmanni í ýmis viðvik og umsjón með eignum Sprettis. Auglýst verður eftir starfsmanni.

5. Traktorskaup rædd, eru í góðum farvegi. Davíð sér um þetta mál.

6. Landsmót 2024 rætt, hver er framvindan og hvernig standa málin? Ákveðið að óska eftir

fundi með stjórn hmf Fáks og þeirra sem sitja í vinnuhópi fyrir félgöin og fara yfir málin.

7. Skítalosunarsvæði rætt, vöntun er á framtíðarsvæði fyrir félagsmenn frá báðum bæjarfélögum. Losunarsvæði Spretts er sprungið, búið er að óska eftir svæði í fóstur frá Garðabæ, bíðum eftir svari með það. Ákveðið að stofna Sjálfbærnefnd til þess að vinna í umhverfismálum Spretts. Auglýst verður eftir áhugasömum Spretturum í þá nefnd.

8. Fyrsta Deildin rædd, mikil ásókn er í deildina og áhugi fyrir því að taka þátt í deildinni, strax eru fleiri lið búið að sækja um en gert er ráð fyrir að verði í heild. Nauðsynlegt skref í þróun keppnishestamennskunar að stofna deildina. Samrómur um nauðsyn tengingar á milli deildanna, að lið vinni sig upp í 1.deild og detti niður í “2.deild” (Áhugamannadeild) Engin hafði áhyggju af því að atvinnumenn myndu yfirtaka Áhugamannadeildina með þessu formi. Álag á Samskipahöllinni rætt, æfingatímar Áhugamannadeildar og 1.deildar munu verða á sömu helgi. Ef lið í 1.deildinni vilja leigja Samskipahöllina til aukaæfinga mun það verða í boði frá kl 6:30-12:00 virka daga, á þeim tíma er mjög lítið álag í höllinni alla jafna.

Fundi slitið kl. 21:00.

Fundargerð ritaði Lilja Sigurðardóttir